

# SAMNINGUR UM MAKASKIPTI

Með samningi þessum afsalar Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, hér eftir nefnt afsalsgjafi, til Hannesar Þórs ehf., kt. 500206-1600, hér eftir nefndur afsalshafi, landspildunum **Tjarnarlækur, L202047, F2341088**, Selfossi, og **Tjarnarlækur millilóð, L232096**, Selfossi ásamt öllu því sem eignunum fylgir og fylgja ber. Um er að ræða landspildur sem eru skráðar annars vegar 11,3 ha og hins vegar 2,96 ha að stærð.

Kaupverð fasteignarinnar er greitt af hálfu afsalshafa með afsali á fasteigninni Dísarstaðir, land 4, L207515, Selfossi.

**Afsalshafi skuldbindur sig jafnframt til að láta afsalsgjafa í té með lóðarleigusamningi/afsali þrjá hektara lands endurgjaldslaust undir byggingu grunnskóla í landi Dísastaða, L205991, Selfossi.**

**Fasteignunum að Tjarnarlæk og Tjarnarlæk millilóð er afsalað veðbandalausum til afsalshafa og kvaðalausum að öðru leyti en fram kemur í makaskiptasamningi. Afsalsgjafi lýsir afsalshafa hér með réttan og lögmætan eiganda Tjarnarlæks, L202047, F2341088 og Tjarnarlæks millilóð, L232096 ásamt öllu því sem eignunum fylgir og fylgja ber.**

Afsalshafi ehf. greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld vegna þinglýsingar á afsali þessu.

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað og rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands á Selfossi.

Ofangreindu til samþykkis og staðfestu er afsal þetta undirritað fyrir hönd aðila í votta viðurvist.

Selfossi, 2021

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar  
*Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Árborgar.*

f.h. Hannesar Þórs ehf.

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dags., fjárræði og undirritun aðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

# SAMNINGUR UM MAKASKIPTI

Með samningi þessum afsalar Hannes Þór ehf., kt. 500206-1600, hér eftir nefndur afsalsgjafi, til Sveitarfélagsins Árborgar, kt. 650598-2029, hér eftir nefnt afsalshafi, fasteigninni Dísarstaðir, land 4, L207515, Selfossi, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

Kaupverð fasteignarinnar er greitt af hálfu afsalshafa með afsali á fasteignunum Tjarnarlækur, L202047, F2341088, Selfossi og Tjarnarlækur millilóð, L232096, Selfossi.

Hinni afsöluðu fasteign er afsalað veðbanda- og kvaðalausri til afsalshafa. Afsalsgjafi lýsir afsalshafa hér með réttan og lögmætan eiganda fasteignarinnar Dísarstaðir, land 4, L207515, Selfossi, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

Afsalshafi greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld vegna þinglýsingar á afsali þessu.

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað og rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands á Selfossi.

Ofangreindu til samþykkis og staðfestu er afsal þetta undirritað fyrir hönd aðila í votta viðurvist.

Selfossi, 2021

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar  
*Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Árborgar.*

f.h. Hannesar Þórs ehf.

---

Vottar að rétttri dags., fjárræði og undirritun aðila:

---

---